



Íslenskir staðlar

ÍST WA 95:2024

Gildistaka 25.06.2024

ICS: 13.020

**Vinnustofusamþykkt - Sjálfbær
skógrækt**

**Workshop agreement - Sustainable
forestry**



Íslenskir staðlar

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Umfang.....	3
2 Orðskýringar og skilgreiningar	4
3 Staða skógræktar á Íslandi	6
4 Að taka tillit til allra þátta í sjálfbærri skógrækt	7
5 Hvernig við stundum sjálfbæra skógrækt	9
6 Niðurstöður og næstu skref.....	11

Inngangur

Land og skógur og Staðlaráð Íslands höfðu forgöngu um að boða til vinnustofu og leiða til samtals ýmsa hagaðila sem hafa hlutverki að gegna eða hagsmuna að gæta varðandi skógrækt á Íslandi. Til umræðu var umhverfi skógræktar á Íslandi og leiðir til að auka gæði og sjálfbærni skógræktar að teknu tilliti til ýmissa þátta svo sem líffjölbreytni, loftslagsbreytinga, samfélags o.s.frv.

Eftirfarandi hagaðilar áttu fulltrúa í vinnustofunni:

- Bændasamtök Íslands
- Deloitte
- Félag skógarbænda á Suðurlandi
- Fornleifastofnun Íslands
- Háskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Kolviður
- KPMG
- Land og skógur
- Landmælingar Íslands
- Landsvirkjun
- Matvælaráðuneytið
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Skipulagsstofnun
- Skógálfar
- Skógræktarfélag Íslands
- Umhverfisstofnun
- Yggdrasill Carbon

Tilgangur vinnustofunnar var að draga upp skýrari heildarmynd af stöðu skógræktar eins og hún er í dag með skoðanaskiptum og út frá sjónarhorni fagaðila sem taka þarf tillit til við gerð sérstaks skógræktarstaðals, fá dæmi frá öðrum löndum um bestu starfsvenjur þegar kemur að skógrækt, ræða um stöðu mismunandi þátta sjálfbærrar skógræktar, hver framtíðarsýnin er og hvað gera þarf til að ná markmiðum um sjálfbæra skógrækt.

1 Umfang

Umfang vinnustofunnar takmarkast við sjálfbæra skógrækt á Íslandi og hvernig fagaðilar á Íslandi sjá best fyrir sér fyrirkomulag hennar að teknu tilliti til þátta eins og:

- Líffjölbreytni
- Jarðvegs
- Sögulegs umhverfis
- Landslags
- Loftslagsbreytinga
- Fólks
- Vatns

Markmið vinnustofunnar er að skoða þessi atriði í samhengi við sjálfbæra skógrækt og hvernig hægt er að innleiða bestu starfsvenjur á Íslandi. Við munum kanna núverandi stöðu skógræktar, skoða hvernig sjálfbærar aðferðir eru nýttar í öðrum löndum og bera saman mismunandi nálgun við íslenskar aðstæður. Í því samhengi verða eftirfarandi spurningar lagðar fram:

- Hvernig er staða skógræktar á Íslandi í dag?
- Hvernig tókum við tillit til allra þátta í sjálfbærri skógrækt?
- Hvernig er sjálfbær skógrækt á Íslandi frábrugðin sjálfbærri skógrækt í öðrum löndum?
- Hvernig náum við því marki að geta sagt að á Íslandi sé stunduð sjálfbær skógrækt?

2 Orðskýringar og skilgreiningar

Ábyrg nýting skóga: Sjálfbær nýting skógarauðlinda sem veldur ekki langvarandi eða varanlegum skaða á skóginum. Þetta felur í sér jafnvægi milli skógarhöggs og endurnýjunar skóga, hvort sem endurnýjunin er með náttúrlegum ferlum eða með sáningu og gróðursetningu.

Endurheimt skóglendis: Ferlið við að breiða út á ný skóga á svæðum þar sem þeim hefur verið eytt eða þeir skertir. Þetta er mikilvægt til að auka kolefnisbindingu, auka jarðvegsgæði og endurheimta búsvæði ýmissa lífvera.

Jarðvegur: Jarðvegur er jarðlag eða setlag úr steindum og lífrænum efnum á yfirborði lands. Þykkt jarðvegs getur verið frá fáeinum sentímetrum upp marga metra. Uppistöðuefni jarðvegs eru bergbrot og steindir, lífræn efni, vatn og loft.

Kolefnisbinding: Ferlið þar sem koltvíoxíð (CO_2) er numið úr andrúmslofti með ljóstillífun og geymt í lífmassa trjáa og jarðvegi. Skógrækt stuðlar að kolefnisbindingu og getur þannig dregið úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda.

Landslag: Hugtakið landslag er notað yfir sýnilegan hluta af yfirborði jarðar og mótast af landslagsþáttum, svo sem hafinu, stöðuvötnum, ám, gróðurfari, landbúnaði, mannvirkjum og veðurfari.

Líffjölbreytni / Líffræðileg fjölbreytni: Líffjölbreytni nær yfir allar heimsins tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera s.s. bakteríur og veirur en einnig þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og í erfðaefni þeirra. Líffjölbreytni tekur einnig til búsvæða allra lifandi lífvera, þeirra vistkerfa og vistgerða sem þær mynda og sjálfbærrar nýtingar lifandi náttúru.

Loftslagsbreytingar: Mæld og áætluð aukning á meðalhita andrúmslofts, lands og sjávar frá iðnbyltingu og áhrif breytinganna á loftslagskerfi jarðar.

Menningarlandslag: Svæði sem einkennast af athöfnum mannsins í tímans rás og mismunandi aðstæður sem ríkt hafa á hverjum tíma. Menningarlandslag er talið til verðmæta með menningarsögulegt gildi.

Ræktun staðarefniviðar trjátegunda: Notkun upprunalegra trjátegunda á tilteknu svæði sem talið er að hafi aðlagast vel aðstæðum þar. Varðveisla slíks efniviðar getur hjálpað til við að varðveita staðbundna líffjölbreytni og þanþol við þau veðurskilyrði sem þar ríkja.

Sjálfbær skógrækt: Verndun og umhirða skóga sem lýtur að því að viðhalda og byggja upp nauðsynlegar náttúruauðlindir til framtíðar. Sjálfbærir skógar geta til dæmis gefið timbur en einnig tryggt aðgengi að hreinu vatni. Sjálfbær skógrækt felur líka í sér að viðhalda öðrum gæðum sem við sækjumst eftir úr skóginum, svo sem lífríki og fallegu umhverfi. Sjálfbær

skógrækt snýst um alla þætti skógarins – tré og annan gróður, jarðveg, dýralíf og vatn. Hún felur í sér að draga eftir mætti úr hættu sem stafar af gróðureldum, meindýrum og sjúkdómum en einnig að vernda skóga sem teljast einstakir eða sérstæðir.

Nýskógrækt: Undirbúningur, skipulag og ræktun sem felst í gróðursetningu trjáplantna eða beinni sáningu trjáfræs í þeim tilgangi að mynda nýja skóga eða stækka eldri skóga. Þetta er algeng aðferð til ná markmiðum eins og að endurheimta skóglendi þar sem það hefur horfið, auka kolefnisbindingu, búa til skjól, útivistarsvæði og fleira.

Skógur: Skógur er vistkerfi á að minnsta kosti einum hektara lands þar sem krónuþekja tveggja metra hárra trjáa eða hærrí nemur tíu prósentum svæðisins eða meira.

Vatn: Vatn er nær litlaus ólífrænn vökvi, lyktar- og bragðlaus, sem er lífsnauðsynlegur öllum þekktum lífverum, þrátt fyrir að innihalda hvorki orku né næringarefni. Vatnssameindin er samsett úr tveimur vetnisfrumeindum og einni súrefnisfrumeind sem tengjast með samgildistengi og hefur efnaformúluna H₂O.

Vistfræðileg áhrif skógræktar: Áhrif skógræktar á vistkerfi, þar með talin áhrif á jarðveg, vatn, loftslag og líffjölbreytni. Þegar sjálfbærni er markmið með skipulagi skógræktar er tekið mið af þessum áhrifum til að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

Vistheimt: Ferlið við að endurreisa og viðhalda vistkerfum sem hafa raskast, svo sem vegna skógeyðingar, gróður- og jarðvegsrofs, jarðvegsrasks eða mannvirkjagerðar. Vistheimt getur falið í sér að gróðursetja tré, bæta jarðveg eða stýra vatnsbúskap.

3 Staða skógræktar á Íslandi

Á Íslandi er skógrækt unnin í samræmi við lög um skóga og skógrækt. Markmið laganna eru fjölþætt, meðal annars að standa vörð um náttúruskóga hér á landi og stuðla að útbreiðslu þeirra en einnig að rækta nýja skóga til að byggja upp sjálfbæra skógarauðlind til sjálfbærra nytja. Við val á leiðum til að uppfylla markmið þessara laga er að mörgu að hyggja eins og endurspeglast vel í þeim sjónarmiðum um skógrækt á Íslandi sem fram komu hjá þátttakendum í vinnustofu Staðlaráðs og Lands og skógar um málefnið. Ýmsar áhyggjur eru viðraðar og ljóst að ekki eru allir á eitt sáttir með fyrirkomulag skógræktar eins og staðan er í dag þegar litið er til þeirra þátta sem teknir voru fyrir í vinnustofunni. Hér að neðan er farið yfir sjónarmið þátttakenda um þessa þætti út frá núverandi stöðu.

Líffjölbreytni og jarðvegur:

Fyrirkomulag skógræktar á Íslandi byggist á mörgum litlum verkefnum vítt og breitt um landið. Við undirbúning hvers verkefnis fer fram upplýsingasöfnun á vettvangi og kortlagning skógræktarsvæðisins, m.a. á landgerðum og gróðurfari, ofan á besta fáanlega kortagrunn. Ef minjaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu, er hún unnin áður en lengra er haldið. Það flækir málið að þær opinberu landupplýsingar sem ráðgjafar og umsagnaraðilar skógræktarverkefna hafa aðgang að eru oft á tíðum ónákvæmar, óáreiðanlegar eða þær skortir alveg. Mikill skortur sé á gögnum, sérstaklega um jarðveg. Einnig skorti á áreiðanleika gagna, í þeim gæti ósamræmis og þetta leiði til mótsagna, útlínur og mörk séu óljós og algengt að gögn séu ómarktæk.

Jafnvel þótt í nýrri landsskipulagsstefnu sé gert ráð fyrir að landnotkun á Íslandi skuli byggð á flokkun landbúnaðarlands og þessi flokkun eigi að vera grundvöllur allrar ákvarðanatöku, liggur ekki fyrir á hverju eigi að byggja flokkunina. Hagaðilar í skógrækt á Íslandi eru líka fjölmargir og umræðan um hana því oft mjög flókin og viðkvæm. Almenn mat þátttakenda er að áreiðanlegar upplýsingar skorti um áhrif skógræktar á vistkerfi á Íslandi. Þá komu fram áhyggjur af framgangi innfluttra tegunda á Íslandi.

Á líffjölbreytnihugtakinu eru einnig mismunandi skoðanir. Enginn samræmdur skilningur er á hugtakinu. Einnig er rætt um að skógrækt sé ekki bara skógrækt í samhengi líffjölbreytni. Skógrækt sé í eðli sínu fjölbreytt og hafi margvísleg markmið og tilgang. Þessi mismunandi túlkun á hugtakinu geri fyrir vikið að verkum að fólk verði sjálfhverft í sjónarmiðum sínum og ólík gildi uppi um líffjölbreytni.

Sögulegt umhverfi og landslag:

Sögulegt umhverfi og landslag á Íslandi er að mörgu leyti einstakt í heiminum. Það er því samdóma álit allra að vanda þurfi vel til verka þegar gerðar eru breytingar sem haft geta áhrif á þessa þætti.

Á meðal þess sem kom fram hjá þátttakendum í vinnustofunni er að ekki sé nægjanlegt tillit tekið til sögulegs landslags við skógrækt. Frekara samtal vanti milli fulltrúa skógræktar og þeirra sem sinna sögulegum minjum og landslagi og samtalið þurfi að vera á jákvæðum nótum. Gjarnan séu framkvæmdaaðilar ekki nægilega upplýstir um hvernig skuli huga að minjamálum eða taka tillit til þeirra. Þekkingarskortur undirstriki þörfina á auknu samtali milli allra hagaðila. Bent var á að á Íslandi væri mjög vel staðið að varðveislu minja og hvergi í Evrópu sé að finna betur varðveittar minjaheildir, minjar frá landnámsöld sem enn eru sýnilegar í landslagi. Því sé rík þörf að taka tillit til minjamálanna þegar framkvæmdir eru skipulagðar, sérstaklega í ljósi þess að skráning á menningarminjum hefur enn ekki farið fram á stórum hluta landsins.

Þegar litið var til sögulegra minja og landslags kom fram á vinnustofunni að staða skipulagsmála væri almennt veik á Íslandi. Skipulagsvald væri of dreift og skortur á samræmi. Sömuleiðis væri lagaumhverfið veikt og víða pottur brotinn. Ákveðin lög eru í gildi en brenna vill við að þau séu ekki virt. Það bendir til þess að eftirlit sé að sama skapi veikt. Fram kom að aðilar sem standa fyrir og fjármagna skógræktarverkefni vilji gera vel í þessum efnum en kvartað var undan því að ferlið væri óljóst.

Loftslagsbreytingar, fólk og vatn:

Ýmis tækifæri eru fólgin í þeim áhrifum sem skógrækt hefur, svo sem í samhengi við loftslagsbreytingar en líka áhrifunum á okkur mannfólkið og vatnsgæði og fleira. Hér er þó að ýmsu að huga, rétt eins og með aðra þætti sem fjallað er um í þessari vinnustofu. Skógrækt er veigamikill þáttur í þeim mótvægisáðgerðum sem ráðist er í til að bregðast við loftslagsbreytingum. Í umræðu um skógrækt undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á loftslagsbreytingar og þá kolefnisbindingu sem hlýst af vaxandi skógi. Engu að síður skorti nægilegt samtal milli hagaðila um kolefnisbindingarverkefni hér á landi.

Skógur og skógrækt þykir hafa mjög jákvæð áhrif á fólk og samfélög fólks. Skóga er gjarnan að finna í nágrenni þéttbýlis og þeir nýtast vel til útivistar og fræðslu. Skógrækt stuðlar einnig að því að tryggja matvælaöryggi og skapar störf í heimabyggðinni, sérstaklega störf sem tengjast landbúnaði.

Miklar umræður eru um þann kost skóga og skógræktar að hafa jákvæð áhrif á vatn, vatnsmiðlun og vatnsgæði. Hér á landi hefur skógrækt ekki verið nýtt í þessu skyni með markvissum hætti, jafnvel þótt áhrifin geti verið mikil, svo sem til að koma í veg fyrir rof. Því eru heilmikil tækifæri fólgin í því að horfa betur til samþátts skógræktar og vatns. Að sama skapi eru tækifæri fólgin í því að búa til heilbrigð vistkerfi, binda kolefni og miðla vatni með skógrækt.

4 Að taka tillit til allra þátta í sjálfbærri skógrækt

Ýmis markmið hafa verið sett fram með skógrækt á Íslandi. Héraðsskógaverkefnið á Austurlandi var til að mynda sett á laggirnar fyrir um þrjátíu árum í kjölfar mikils niðurskurðar

sauðfjár vegna riðuveiki. Skógurinn átti að koma að einhverju leyti í staðinn fyrir hefðbundinn búskap og þannig átti að stuðla að áframhaldandi byggð í héraðinu. Með tímanum myndi byggjast upp auðlind og í tengslum við hana atvinna og tekjur fyrir íbúana. Síðan hefur stuðningur við skógrækt á jörðum bænda breiðst út um allt land en markmiðin orðið fjölbreyttari. Ekki er lengur hugsað um það fyrst og fremst að búa til timburauðlind eða styrkja búsetu í sveitum landsins. Markmiðin geta verið aukið skjól fyrir aðra ræktun, búpening og fólkið sjálft, aukin gróska, frjósemi og verðmæti bújarðarinnar, varnir gegn skriðuföllum, snjósöfnun, stórvíðrum eða annarri náttúruvá eða einfaldlega betra og fallelgra umhverfi.

Líffjölbreytni og jarðvegur:

Lögum og reglum um náttúruvernd er ætlað að vernda fjölbreytni íslenskrar náttúru til framtíðar, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Vistkerfi, votlendi og jarðmyndanir skulu verndaðar nema brýn nauðsyn beri til annars vegna almannahagsmuna. Mikilvægt er að velja trjátegundir af kostgæfni og gera raunhæfar áætlanir um notkun innfluttra tegunda.

Tryggja þarf að nýting lands sé í samræmi við landkosti með hagsmuni samfélags í huga. Land sem hentar til búvöruframleiðslu verði varðveitt í þessu skyni.

Í skipulagi skal móta stefnu um hvar og við hvaða aðstæður skógrækt er heimil. Þessi stefna skal taka til þeirra skóga sem ætlunin er að nýta til útivistar, viðartekju eða skjólmyndunar fyrir byggð. Skipulagsstefna ætti að taka mið af vernd og endurheimt votlendis og útfæra það í skipulagsákvörðunum um landnotkun. Mikilvægt er að varðveita kolefni í votlendi og stuðla að líffjölbreytni.

Nauðsynlegt er að bæta gagnagrunna landupplýsinga til að hnita megi með nákvæmari hætti útlínur verndaðra vistgerða og bæta upplýsingar um eiginleika og ástand jarðvegs, svo sem um kolefnisforða hans. Þemakort um ástand lands, jarðveg og vistkerfi eru nauðsynlegt undirlag fyrir skipulagsvinnu hjá sveitarfélögum. “Umhverfismat” skal nýtt við val á landi til skógræktar, sérstaklega til að forðast að skógrækt sé skipulögð á svæðum með ríkulegan kolefnisforða eða svæðum þar sem líffjölbreytni er mikil.

Undirbúningur nýrra skógræktarverkefna getur tekið tíma og þarf að samþætta betur gerð skipulagsáætlana. Mikilvægt er að kortleggja svæði vandlega í upphafi og framkvæma áhættugreiningu. Taka þarf tillit til jarðvegsgerða og draga úr rofi.

Samþykkja þarf aðferðafræði til að meta þessa þætti og undirbyggja vöktun og rannsóknir á líffjölbreytni og jarðvegi. Góð grunngögn eru nauðsynleg en eins og sakir standa skortir þar mikið á. Taka þarf tillit til innlendra vistkerfa, ekki aðeins tegundauðgi.

Á Íslandi er mikilvægt að velja land þar sem ekki er fyrir sjaldgæft eða mikilvægt vistkerfi og skapa ríkt og fjölbreytt skógarvistkerfi með skynsamlegri tegundasamsetningu trjáa. Félagspátturinn í skógrækt á Íslandi er stór, enda tekur fjöldi fólks þátt í skógræktarstarfi.

Sögulegt umhverfi og landslag:

Fylgja þarf í hvívetna lögum og reglum sem varða menningarlandslag og minjar. Mikilvægt er að kynna fólki þessa þætti vel og auka þannig almenna þekkingu á gildi menningarlandslags og minja. Standa þarf að skipulagsmálum með skýrum hætti og sjá til þess að Minjastofnun hafi góða yfirsýn um þessi efni.

Nýta þarf tæki umhverfismats við val á landi til skógræktar og tryggja góða yfirsýn sveitarfélaga í þessum efnum. Þróa þarf vinnureglur og verkferla sem nýtast minni sveitarfélögum við skráningu fornminja. Upplýsingar og gögn sem aflað er með loftmyndum og mælingum á jörðu niðri verða sífellt betri og þannig verður þessi vinna auðveldari með hverju árinu sem líður.

Minjastofnun ætti að koma fyrir inn í skipulagsferlið til að tryggja að verndarsvæði séu tekin með í reikninginn frá upphafi. Þetta krefst samstarfs og aukinnar vinnu við mat á svæðum í minjavörslu.

Loftslagsbreytingar, fólk og vatn:

Fram undir þetta hafa skógræktarverkefni á Íslandi aðallega falist í tvennu, að vernda náttúrulegt birkiskóglendi og stuðla að útbreiðslu þess annars vegar og hins vegar að rækta fjölbreytta skóga til margvíslegra nytja. Í löndum þar sem skógarþekja er meiri og skógarnytjar rótgrónari eru nytjarnar veigameiri þáttur og í kjölfar hennar vinna við endurnýjun skógarins. Náttúruskógar á Íslandi eru í stórum dráttum einnar tegundar skógar með birki. Aðrar innlendar trjátegundir, reyniviður, blæösp og gulvíðir, mynda ekki skóga heldur vaxa stakar eða mynda þyrpingar eða kjarr. Smæð og hægur vöxtur birkis, megintegundarinnar í náttúruskógum á Íslandi, gerir að verkum að kolefnisbinding er minni í íslenskum náttúruskógum en gengur og gerist víða erlendis.

Skógrækt á Íslandi ætti að fullnægja þörf innanlands fyrir timbur. Að ná því markmiði krefst aðkomu frá stjórnvöldum, framkvæmdaraðilum, landeigendum og ráðgjöfum. Verkferlar þurfa að vera skýrir, sérstaklega varðandi áburðargjöf og áhrif á vatn, til að forðast neikvæð áhrif á jarðveg.

Skógrækt getur stuðlað að jákvæðum hliðarverkunum, svo sem vatnsmiðlun ofarlega á vatnasviðum. Fjölbreytt sjónarmið, eins og tegundafjölbreytni og áhrif á vatnsvernd, þarf að taka til skoðunar og ekki einblína á afköst einvörðungu.

5 Hvernig við stundum sjálfbæra skógrækt

Til að ná markmiðum okkar um sjálfbæra skógrækt þurfum við að líta til fjölmargra þátta. Líffjölbreytni og jarðvegsvernd eru mikilvægir þættir en einnig þarf að afla gagna, gera gögnin aðgengileg og miðla betur upplýsingum, bæði til almennings og milli ólíkra aðila í stjórnsýslunni og samfélaginu. Taka þarf tillit til margvíslegra sjónarmiða um náttúruvernd,

vernd menningarminja og annarra menningarsögulegra þátta. Um leið þarf að taka loftslagsbreytingar með í reikninginn og fjölbreyttar þarfir samfélagsins.

Líffjölbreytni og jarðvegur:

Þegar litið er til þess hvaða aðgerða sé þörf til að tryggja líffjölbreytni og jarðvegsvernd í sjálfbærri skógrækt þarf að hafa margt í huga. Setja þarf viðmið um sjálfbærni skógræktar í íslenskum skógræktarstaðli í samræmi við ákvæði laga. Gagnasöfnun og rannsóknir á náttúrufarsþáttum sem nýtast við ákvarðanatöku um nýskógrækt og skipulag hennar þarf að efla. Mikilvægt er að vinna betri grunngögn um vistgerðir, vistkerfi, jarðveg, kolefnisforða og ástand lands.

Enn fremur er mikilvægt að efla miðlun upplýsinga til einstaklinga, félagasamtaka og stjórnsýslunnar um skógrækt og skóga. Byggja þarf upp matskerfi sem dugar til að meta sjálfbærni skógræktar og koma á fót hvatakerfi til að stuðla að sjálfbærri skógrækt.

Ýmsir ferlar og reglur þarfnast endurskoðunar. Til dæmis þarf að móta gæðaviðmið um staðarval fyrir skógrækt og hvernig standa eigi að skógræktinni. Kröfusettt fyrir skógrækt þarf að samræma við kröfur á öðrum sviðum landnotkunar, þannig að tryggt sé að ákvarðanir séu teknar á vandaðan hátt.

Aðgengi að gögnum þarf að bæta þvert á stofnanir. Nýta þarf stjórnþæki eins og skipulagsáætlanir og umhverfismat áætlana og framkvæmda. Einnig þarf að efla opna umræðu og samráð um stefnu og fyrirhuguð verkefni.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með ágengum lífverum, þar með talið meindýrum, sjúkdómum, spendýrum og plöntum. Taka þarf tillit til áburðargjafar, þróunar sýrustigs, þjöppunar jarðvegs, mengunar og jarðvegsrofs. Umhirða skóga ætti að styðja við líffjölbreytni skógarvistkerfa, t.d. með því að tryggja að innlendar skógarbotnstegundir séu til staðar í skógunum og jafnvel flytja inn hentugar tegundir í skógarbotninn.

Sveitarfélög þurfa að taka faglega á skipulagsmálum sem snerta skógrækt.

Sögulegt umhverfi og landslag:

Nauðsynlegt er að skrifa íslenskan skógræktarstaðal svo hægt sé að vinna og votta samkvæmt honum. Grunnupplýsingar, þar með taldar upplýsingar um jarðveg, vistgerðir, jarðfræði og aðrar landupplýsingar, þarf að færa í aðgengilegan kortagrunn.

Skipulagning svæða til skógræktar þarf að hefjast með góðum fyrirvara og horfa þarf til stærri eininga, þar á meðal landslags og sögulegs umhverfis. Ef opinber stuðningur er háður skógræktarstaðli, aukast líkurnar á að honum sé fylgt. Sveitarfélög þurfa að horfa til skógræktarstaðals í leyfisveitingum og skipulagi.

Loftslagsbreytingar, fólk og vatn:

Ólíkt öðrum þjóðum er Ísland aðallega að rækta nýja skóga og endurheimta birkiskóga en viðhald gamalla skóga er á mun minni skala hér en erlendis. Ísland hefur sérstöðu vegna tegundafæðar plantna, þar sem hér er einungis ein tiltölulega smávaxin innlend trjátegund sem myndar skóga.

Sjálfbær skógrækt þarf að taka tillit til fjölbreyttra þarfa og sjónarmiða, m.a. við landnýtingu og skipulagsmál. Sjálfbær skógrækt ætti að þjóna innlendri hráefnisþörf, t.d. fyrir byggingarefni, auk þess að stuðla að jákvæðum hliðaráhrifum eins og vatnsmiðlun ofarlega á vatnasviðum. Það er nauðsynlegt að vakta neikvæð hliðaráhrif og grípa til mótvægisáðgerða ef þörf krefur.

Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, ásamt framkvæmdaraðilum, landeigendum og ráðgjöfum þurfa að vinna saman að þessum markmiðum.

6 Niðurstöður og næstu skref

Af vinnustofunni að dæma og þeim fulltrúum sem hana sóttu er niðurstaðan sú að það sé að ýmsu að huga þegar kemur að skógrækt á Íslandi og hvernig við stundum hana með sjálfbærum hætti. Öllum þeim þáttum sem lágu til grundvallar í vinnustofunni þarf að huga vel að og tryggja að skógrækt taki fullt tillit til þeirra þegar skógræktarverkefni eru skipulögð. Næstu skref eru að stofna tækninefnd á vettvangi Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum sem starfar undir hatti Staðlaráðs Íslands. Verkefni tækninefndar og vinnuhópa sem munu vinna undir þeirri tækninefnd verður að skrifa staðal fyrir sjálfbæra skógrækt á Íslandi og nýta til þess upplýsingar sem gefnar eru í þessari vinnustofusamþykkt ásamt öðrum rannsóknum og efni sem tengist viðfangsefninu.

Við gerð staðals um sjálfbæra skógrækt á Íslandi munu hagaðilar greina núverandi ástand skógræktar á Íslandi, skoða umfang hennar, árangur og áskoranir. Við lítum sérstaklega til þess hvernig núverandi starfshættir hafa áhrif á sjálfbærni og hverjar helstu áskoranirnar eru í íslensku samhengi.

Einnig verður farið yfir hvernig mismunandi þættir eins og líffjölbreytni, jarðvegur, vatn, og loftslagsbreytingar eru teknir með í reikninginn þegar áætlanir um skógrækt eru gerðar. Við munum kanna hvernig samspil þessara þátta hefur áhrif á sjálfbæra nýtingu skóga.

Við munum bera saman íslenskar aðferðir við skógrækt og þær sem eru notaðar í öðrum löndum með tilliti til náttúrufars, efnahagslegs umhverfis og menningarlegra þátta. Við skoðum hvaða lærdóm má draga af reynslu erlendis og hvernig hún getur nýst við íslenskar aðstæður.

Að lokum verður farið yfir aðgerðaáætlanir og stefnumótun sem þarf til að tryggja að skógrækt á Íslandi verði sjálfbær. Við munum skoða hvaða skref þurfi að taka, hverjir þurfi að koma að málum og hvernig eftirlit og mat á árangri skuli háttað.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlum og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlum.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlum. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með staðlagerð á Íslandi.
- Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum.
- Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórn-sýslu og hjá einkaaðilum.
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.

Staðlaráð Íslands tekur ekki efnislega afstöðu til staðla og ákveður ekki hvað skuli staðlað. Ákvarðanir um það eru teknar af þeim sem eiga hagsmuna að gæta og þeir greiða fyrir verkefni.

Á vegum Staðlaráðs starfa fjögur fagstaðlaráð:

Byggingarstaðlaráð (BSTR)
Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)
Rafstaðlaráð (RST)

Á vegum Staðlaráðs starfa einnig fagstjórnir í gæðamálum og í véltækni.

Það er einfalt og fyrirhafnarlítið að panta og finna staðla á netinu

www.stadlar.is



Íslenskir staðlar